

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr 17. töluliður sem hljóðar svo: *Villiköttur*: Köttur sem lifir á vergangi og býr ekki á heimili umráðamanns.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný 3. mgr. sem hljóðar svo: Skráð félagasamtök sem hafa það að markmiði að stuðla að velferð villikatta er heimilt að merkja villiketti sem hafa verið geltir með því að fjarlægja lítinn hluta annars eyra slíkra katta. Enda sé slík merking framkvæmd af dýralækni að undangenginni svæfingu. Félagasamtökin skulu áður tryggja að villikötturinn sé ekki merktur og lifi á vergangi.

3. gr.

Við 12. gr. bætist ný 7. mgr. sem hljóðar svo: Skráð félagasamtök sem hafa það að markmiði að stuðla að velferð villikatta er heimilt að hafa villiketti í vörslum sínum í stuttan tíma að án þess að teljast umráðamaður dýranna og er heimilt að sleppa þeim aftur. Þeim ber þó að tryggja villikettinum lágmarks umönnun á meðan vörslu stendur, þ.e. að með þeim sé haft eftirlit og þeim tryggt skjól og matur. Félagasamtök skulu afhenda Matvælastofnun upplýsingar um starfsemi sína tengda villiköttum þegar eftir því er óskað.

4. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.